

Breiðagerðisskóli

2025 - 2026



4.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	3
Nestis og matarmál nemenda	4
Endurvinnsla.....	4
Heimanám	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska.....	7
Stærðfræði	13
Samfélagsfræði	18
Náttúrugreinar	21
Enska	22
Upplýsinga- og tæknimennt	23
Myndmennt	24
Textílmennnt	25
Hönnun og smíði	26
Tónmennt	28
Heimilisfræði.....	29
Skólaíþróttir.....	30
Útikennsla.....	32
Stoðþjónusta	33

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 4. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við [Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, Greinasvið 2013](#), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla. Endurskoðun árganganámskráa vegna nýrra greinanámskráa er hafin en mislangt komin sjá nýja aðalnámskrá [hér](#).

Kennarar

Kristján Jesús Potenciano	umsjónarkennari
Marínó Ívarsson	umsjónarkennari
Guðrún Þóra Elfar	sund
Viktor Berg Arnarsson	íþróttir
Casper Vilhelmsen	íþróttir og sund
Mínerva Alfreðsdóttir	heimilisfræði og sund
Elinóra Kristinsdóttir	myndmennt
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Steinunn Svansdóttir	textílmennt
Ásdís Björg Gestsdóttir	tónmennt

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið snýst annars vegar um nám og velferð hvers einstaklings og hins vegar um starf í einstökum árgöngum um nám, félags- og tómstundarstarf. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila.

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn

foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennum hluta (2011) kemur fram að skólar skuli stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Við skipulag og matseðlagerð fyrir Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Breiðagerðisskóli kaupir hádegismat af Skólamat. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Starfsfólk Breiðagerðisskóla vill beina þeim tilmælum til foreldra að senda börn sín með hollt nesti í skólann. Mælst er til að ekki séu notaðar einnota drykkjarumbúðir en þess í stað notaðir drykkjarbrúsar undir drykki.

Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun.

Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu með tölvupósti frá kennurum.

Við viljum minna á að Breiðagerðisskóli er hnetulaus skóli.

Endurvinnsla

Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru hlutverki. Þeir sjá um að fara með lífrænan úrgang í flokkunarstöð og flokka pappír, plast og málma í kennslustofunum. Allir árganga fá fræðslu um nauðsyn þess að flokka úrgang og þar útskýrð jákvæð áhrif flokkunar á umhverfið. Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er sjálfbærni. Algengasti skilningur á hugtakinu sjálfbærni er að við skilum

umhverfinu til afkomenda okkar í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Umhverfið og náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Nemendur þurfa því að þekkja, skilja og virða náttúruna. Umhverfisvernd er því dæmi um eitt úrlausnarefni sjálfbærrar þróunar og er því mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um flokkun úrgangs og gefa þeim tækifæri til að vera virkir þátttakendur í því.

Heimanám

Heimanám er frekari þjálfun á þeim viðfangsefnum sem eru í gangi í skólanum. Heimanámið í 4. bekk byggir á aðstoð foreldra/forráðamanna. Mjög mikilvægt er að heimanámi sé vel sinnt. Kannanir hafa sýnt fram á að ef foreldrar sinna heimanámi vel og sýna náminu áhuga, þá hefur það jákvæð áhrif á námsárangur barnanna.

4. bekkur:

- Lesa heimalestur að minnsta kosti 15 mínútur á dag, 5 daga vikunnar.
- Skrifa 10 orð eða setningar á viku í tengslum við ákveðið þema.
- Að auki er eitt verkefni í íslensku og stærðfræði.

Námsmat

Námsmat í 1.-7. bekk er reglubundinn þáttur í skólastarfinu og er megin tilgangur þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið. Námsmatið er fjölþætt og verður m.a. metin þekking, samvinna, leikni og vinnubrögð ásamt frumkvæði og skapandi hugsun. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og verður m.a. stuðst við kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og mat á einstökum verkefnum. Námsmatsviðtöl eru tvisvar á þessu skólaári, en þá ræða nemendur, foreldrar og kennarar nám nemenda og líðan þeirra í skólanum. Fyrri viðtalið er í október og þá meta nemendur sjálfir í samvinnu við foreldra sína ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu og námi og skólastarfi og verður það ásamt mati

kennara til umræðu á fundinum. Annað viðtalið er í byrjun febrúar og því viðtali stýra nemendur.

Í upphafi annar setja kennarar inn námslotur fyrir hverja námsgrein. Þar koma fram þau hæfniviðmið sem stefnt er að með áætlunum, einnig markmið og leiðir hvernar greinar til að uppfylla þau hæfniviðmið.

Námsmatið byggir á símati sem felur í sér að kennarar setja öðru hvoru eftir því sem við á nýtt mat inn í Mentor. Matið byggist alltaf að einhverju leyti á sjálfsmati nemenda þannig eru þeir þátttakendur í matinu.

Læsi í víðum skilningi er einn af grunnþáttum menntunar í nýrri Aðalnámskrá.

Í 4. bekk eru lögð fyrir lesskilningspróf í október og í apríl. Prófin kanna hversu vel nemendum gengur að skilja meginefni í texta, átta sig á staðreyndum, skilja erfið orð og orðasambönd, lesa milli lína og draga ályktanir. Prófin eru greinandi og auðvelda kennurum að leiðbeina nemendum við námið, þannig að lesskilningur nemanda haldi áfram að þróast. Einnig eru lögð fyrir lesfimiþróf þrisvar á vetri, í september, janúar og maí. Prófin mæla hversu vel börnin hafa náð tæknilegum lestri, þ.e. hraði og nákvæmni.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild og bera kennarar sameiginlega ábyrgð á nemendum. Umsjónarkennarar eru tveir. Þeir hafa umsjón með ákveðnum nemendum og sjá um samskipti við foreldra/forráðamenn þeirra.

Það eru þrískipting í list- og verkgreinahópum, það eru tveir íþróttahópar og fjórir sundhópar. Ef farið er í ferðir eða útikennslu þá fer allur hópurinn saman. Markmiðið með hópaskiptingu og útikennslu er að auka félagsfærni nemenda, efla sjálfstæði þeirra, venja þá við að vinna með ólíkum einstaklingum og koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda samkvæmt stefnu skólans.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið – Íslenska.](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Talað mál, hlustun og áhorf

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið, talað og flutt mál sitt skýrt og áheyrilega
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum og jafnvel stærri hóp og geti sagt skipulega frá verkefnum sem þeir hafa unnið
- geti flutt eða sungið kvæði, þulur og ljóð með réttum áherslum og hrynjanda
- geti greint munnlega frá eigin reynslu t.d. eftirminnilegum atburðum
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir tjá sig í einu
- taki þátt í leikrænni tjáningu
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar hlustað er á upplestur og horft er á flytjendur
- geti nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi
- geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni

Efnisþættir

Skýr og áheyrileg framsögn, virk hlustun og áhorf.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa upphátt heima og í skólanum. Nemendur hlusta á sögur.

Nemendur lesa upp úr verkum sínum og segja frá frammi fyrir bekkjarfélögum

sínum. Nemendur eru þjálfaðir í að sýna þeim sem talar virðingu með því að hlusta á þá og bíða eftir að röðin komi að þeim. Allir nemendur taka þátt í leiknu atriði á jólaskemmtun skólans. Nemendur koma fram á sal skólans í tengslum við hringekjutíma og sýna æfð atriði fyrir samnemendur sína. Nemendur koma fram á foreldraskemmtun a.m.k. einu sinni á vetri og segja frá verkefnum sem þeir hafa unnið að. Nemendur sækja atburði sem þeim bjóðast s.s. tónleikar, leiksýningar, kvikmyndasýningar o.fl. með skólanum.

Námsgögn

Leseðni í bundnu og óbundnu máli, upplestur, umræður, söngur, myndefni.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar
- geti lesið sér til gagns og ánægju
- geti lesið 100 orð á mínútu að vori
- geti skilið samhengi í texta
- geti greint merkingu orða út frá samhengi í texta
- geti tengt þekkingu sína og reynslu við leseðni í því skyni að ná merkingu þess
- lesi og skilji einfaldar sögur og ljóð
- kynnist fjölbreyttum bókmenntum – fornum og nýjum sem hæfa aldri og getu
- njóti þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- velji sér bækur eftir áhugasviði og lesi sér til ánægju
- noti bækur til að afla sér upplýsinga vegna verkefna
- þekki hugtökin kvæði, ljóð, þula, vísa, erindi, ljóðlína rím og ljóðstafir
- þekki hugtökin söguþráður, sögulok, sögupersónur, umhverfi og boðskapur

- geti lesið einföld fyrirmæli, sem hæfa aldri og getu og fylgt þeim
- séu færir að taka þátt í samlestri
- geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, s.s. bókum og á rafrænu formi
- geti lesið úr táknmyndum og myndrænu efni ,s.s. einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

Efnisþættir

Upplestur, hljóðlestur, yndislestur, upplýsingaöflun, umræður og gagnvirkur lestur.

Leiðir að markmiðum

Áhersla er lögð á að auka lesskilning nemenda og efla orðaforða þeirra með því að beita margvíslegum lestraraðferðum. Kennari les gæðatexta fyrir nemendur, nemendur lesa í hljóðlestri, upplestri, kórlestri, samlestri, yndislestri, leshring og gagnvirkum lestri. Unnið með orðaforðann á margvíslegan hátt og lykilorð úr texta. Nemendur og kennarar ræða saman um viðfangsefni textans spyrja spurninga, spá um framvindu og velta fyrir sér merkingu orða út frá samhengi. Stuðlað er að sjálfstæðum lestri nemenda með yndislestri nokkrum sinnum í viku.

Nemendur lesa upphátt heima a.m.k 5 daga vikunnar í heimalestrarbók.

Námsgögn

Sögur, leikrit, ljóð, þulur frá ýmsum löndum, blaðagreinar og fræðitextar.

Sögubækur af skólasafni og að heiman eftir áhuga hvers og eins.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- dragi rétt til stafs
- nái góðum skriftarhraða
- geti skrifað skýrt og læsilega og vandi allan frágang

- þekki stafsetningarreglur um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum
- þekki reglur um sérhljóða á undan ng og nk
- æfi sig í heyra hvenær rita skal einfaldan eða tvöfaldan samhljóða
- geti nýtt sér regluna um –n og –nn í ákveðnum greini nafnorða
- geti skrifað einfaldan texta eftir upplestri
- geti orðað og skráð hugsanir sínar, langanir og reynslu
- þjálfist í að gera útdrætti munnlega og skriflega
- þjálfist í að nýta sér ýmsar tegundir ritunarramma og geti í framhaldi af því samið mismunandi tegundir texta eftir því hver tilgangur með skrifunum er.
- læri að skrifa ljóð og fylgja ljóðlínunum
- geti samið eigið ljóð

Efnispættir

Stafastærð, bil milli orða, uppsetning texta, réttritun, tengiskrift, ritunarrammar og textagerð.

Leiðir að markmiðum

Nemendur skrifa í forskriftarbækur og er þeim kennt að nota réttar tengingar.

Áhersla er lögð á stafastærð, jafna skrift og gott bil á milli orða. Áhersla er lögð á að nemendur vandi skrift og frágang.

Í stafsetningu skrifa þeir upp æfingar rétt eftir réttu og eftir upplestri. Einnig er notast við sóknarskrift, þar sem nemendur fara úr sætum sínum, lesa ákveðinn texta og skrifa eins mikið og þeir muna í stílabækur. Þetta er endurtekið eins oft og þurfa þykir þar til allur textinn er skráður. Nemendur vinna einnig saman að því að stafsetja einstök orð rétt og eru þá notuð ýmis spil og leikir.

Lykilorðavinna er notuð í tengslum við stafsetningu. Ný orð eru búin til úr stöfum lykilorðsins. Nemendur kynnast ýmsum tegundum ritunarramma sem þeir læra að fylla út í og skrifa síðan mismunandi texta eftir því hvert viðfangsefnið er t.d. fræðitexti, sögur, endursögn og texti úr tímaritum eða

blöðum. Nemendur læra að fylgja ljóðlínunum þegar ljóð eru skrifuð. Nemendur vinna sameiginlegan texta í litlum hópum og einstaklingslega.

Námsgögn

Forskriftarbækur, ýmsar stafsetningaræfingar, ýmsar tegundir ritunarramma, Ljóðsprotar, Ljóðspor. Sögur, ljóð og textar valdir með hliðsjón af viðfangsefnum í öðrum námsgreinum.

Málfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist nokkrum grundvallarhugtökum málfræðinnar
- þekki mun á sérhljóða og samhljóða
- læri að þekkja stafrófið og kunni að raða í stafrófsröð
- þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum og nýti sér þá þekkingu við stafsetningu
- þekki hugtökin samheiti, andheiti, samsett orð, kyn orða, eintölu og fleirtölu
- læri um nafnorð, lýsingarorð og sagnorð
- kynnist beygingum fallorða, stigbreytingu lýsingarorða, nútíð og þátíð sagna
- þekki algeng orðtök og málshætti
- geti notað orðabækur
- geri sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði

Efnisþættir

Málgreinar, sérhljóðar, samhljóðar, stafrófið, samnöfn, sérnöfn, samheiti, andheiti, kyn, tala, fall, nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, orðtök og málshættir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna valin verkefni í tímum einstaklingslega, sem og í litlum hópum. Unnið er með orð á fjölbreyttan hátt. Lykilorð notuð til að vinna með

málfræðihugtök. Nemendur fá orðhluta og setningar sem þau eiga að setja upp í nýjan texta eða orð. Lögð er áhersla á samþættingu við aðrar námsgreinar.

Námsgögn

Lykilorð, Ritrún, ýmis verkefni og/eða kennsluforrit sem taka á ofangreindum þáttum.

Heimanám

Nemendur lesa upphátt og í hljóði heima að minnsta kosti fimm daga vikunnar í lestrarbókum við hæfi hvers og eins. Nemendur skrifa 10 orð á dag í tengslum við heimavinnu. Að auki koma verkefni í skrift, málfræði og ritun. Áhersla er lögð á að vanda skrift í heimanámsverkefnum.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið-Stærðfræði](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Breiðagerðisskóli hefur undanfarinn áratug unnið að innleiðingu breyttra kennsluaðferða í stærðfræðikennslu yngri barna. Kennsluaðferðin byggir á hugmyndafræði rússneska sálfræðingsins og uppeldisfræðingsins Leonid Zankov. Hugmyndafræðin byggir á að örva vitsmunabroska barna með stærðfræðilegum umræðum og fjölbreyttum krefjandi verkefnum.

Hugmyndafræðinni kynntust kennarar Breiðagerðisskóla í Noregi þar sem góður árangur hafði náðst. Sjá [hér](#). Við köllum þessa stærðfræði snillingastærðfræði. Námsfnið kallast Neisti.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Meginmarkmið

Að nemendur:

- geti rætt um stærðfræði og útskýrt hugsun sína fyrir öðrum
- geti leyst stærðfræðiþrautir m.a. með því að nota áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir
- geti sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast daglegu lífi
- leysi fjölbreytt verkefni og þrautir einir eða í samvinnu
- geti rökstutt niðurstöður sínar, túlkað og sannreynt
- leysi og búi til þrautir sem tengjast skólastarfinu og viðfangsefnum daglegs lífs
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemendur

- ræði um stærðfræði og geri grein fyrir hugsun sinni, bæði skriflega og munnlega í stærðfræðiverkefnum
- geti lesið og skrifað náttúrulegar tölur allt að 100.000
- noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum úr umhverfinu
- túlki niðurstöður útreikninga á grundvelli gagnasöfnunar, munnlega, með skýringarmyndum og táknmáli stærðfræðinnar s.s. súlurit, línurit skífurit o.fl.
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hluta, myndrænna- eða tölulegra skýringa
- þjálfist í að skrá svör sín við dæmum með því að nota talnatákn og aðgerðarmerki
- hjálpi hver öðrum og útskýri

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti unnið einir eða í samvinnu við aðra að lausn verkefna
- geti kannað og rannsakað með því að gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum
- geti fundið fjölbreyttar lausnaleiðir m.a. með því að nota hlutbundin gögn og teikningar
- lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð
- geti nýtt sér stærðfræði í daglegu og gert sér grein fyrir verðgildi peninga
- flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði

Tölur og reikningur

Meginmarkmið

Að nemendur

- sýni skilning á náttúrlegum tölum frá 1 upp í 100.000
- geti lesið, skrifað, sýnt á reiknivél og notað í umræðum og annarri vinnu tölur allt að 100.000
- þekki neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. á hitamæli og í notkun á reiknivélum
- geti sýnt á fjölbreytilegan hátt skilning á hvað er helmingur, þriðjungur, fjórðungur, fimmtungur
- þekki sléttar tölur og oddatölur
- geti talið aðra hverja tölu, þriðju hverja tölu o.s.frv.
- sýni skilning á tugakerfinu sem sætiskerfi, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti, s.s. sætisgildiskubba og myndir
- geti notað fjölbreyttar aðgerðir við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu
- skilji að margföldun er endurtekin samlagning
- kunni margföldunartöfluna upp í 10 og geti nýtt sér hana.
- geti margfaldað þriggja stafa tölu með eins stafs tölu
- geti reiknað einföld deilingardæmi
- skilji að deiling er skipting eða endurtekin frádráttur
- noti reiknivél til að öðlast betri skilning á reikniaðgerðum og geti notað hana til að leggja saman, draga frá, margfalda og deila
- sýni tilfinningu fyrir tölum og stærðum þannig að þeir geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- geti námundað að næsta tug og hundraði til að einfalda útreikninga.

Algebra

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs
- geti leyst einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu
- geti búið til mynstur með margvíslegum hætti

Rúmfræði og mælingar

Meginmarkmið

Að nemendur

- þekki helstu mælieiningar kg, g, km, m, cm, og mm
- þekki rétt, gleið og hvöss horn
- þekki og geti lýst nokkrum flatarmyndum og flokkað þær s.s. hring, þríhyrning, sexhyrning, ferning, rétthyrning og samsíðung
- geti komið auga á einslaga hluti og fleti í umhverfinu
- geti notað óstaðlaðar og staðlaðar einingar til að áætla, mæla og bera saman lengd, flatarmál, þyngd og rúmmál
- geti flokkað, hluti eftir lengd, flatarmáli, þyngd og rúmmáli
- þekki nokkur algeng mælitæki (s.s. vogarskálar og málband), geti notað þau og skilið að mælingar geta verið misjafnlega nákvæmar
- þekki höfuðáttirnar
- geti notað hugtök sem tákna stefnu til að lýsa hvernig ferðast er um umhverfið
- geti merkt hnit heilla talna í hnitakerfi
- geti fylgt leið á rúðuneti eða korti eftir munnlegum eða skriflegum leiðbeiningum
- geti speglað
- geti hliðrað flatarmyndum, t.d. á pinnabretti og á rúðuneti

- þekki samhverfur í skreytilist, geta búið til mynstur og þakið flöt með flísum með því að beita rúmfræðilegum færslum
- geti leyst einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu

Tölfræði og líkindi

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti lesið úr gögnum og túlkað gögn sem sett eru fram í töflum eða súluritum
- geti skýrt líkur á að eitthvað gerist með því að nota hugtökin „öruggt“, „sennilegt“, „óvíst“, „ósennilegt“

Efnisþættir

Tölur, talnaskilningur, mynstur, reikniaðferðir (samlagning, frádráttur, margföldun, deiling), almenn brot, höfuðáttir, flatarmál, ummál, rúmmál, mælingar, snúningur, hliðrun, speglun, hlutföll, hnit og hnitakerfi, algebra, jöfnur, klukkan, súlurit og töflur, líkur, mælingar, námundun, neikvæðar tölur, rúmfræði, rökhugsun, tugabrot, orðadæmi/þrautalausnir, tölfræði og tölulegar upplýsingar,

Leiðir að markmiðum

Stærðfræðin tengist öðrum námsgreinum á fjölbreyttan hátt. Kennsla fer m.a. fram með innlögnum, umræðum, sýnidæmum á töflu, notkun skjávarpa og hlutbundinnar kennslu. Nemendur vinna einstaklingslega og í samvinnu með öðrum, í stöðvavinnu, gera tilraunir/rannsóknir, fara í spil/leiki, kennsluforrit og útikennslu. Nemendur nýta hlutbundin námsgögn stærðfræðinnar (kubba, talnagrindur, kennslupeninga, málbönd, reglustikur o.fl.) eftir viðfangsefnum og þörfum. Nemendur fara í vettvangsferðir, gera athuganir á umhverfinu og vinna

úr niðurstöðum. Þeir kynna niðurstöður sínar munnlega (stærðfræðilegar umræður), skriflega og myndrænt.

Námsgögn

Zankov efni, Sproti 4a og 4b nemendabækur og æfingahefti. Stærðfræðispæjarar 3. Auk þess vinna nemendur ýmis sérútbúin verkefni.

Önnur námsgögn: kubbar, pinnabretti, kennslupeningar, málbönd og mælistikur, vasareiknar, vogir, speglar, klukkur, brotabútar og ýmis spil. Tölvur og kennsluforrit s.s. Krakkavefurinn á nams.is, matematikk.org, <http://web3.gyldendal.no/multi/1-4nettoppgaver/> og multiplication.com.

Heimanám

Nemendur fá heim verkefnablöð sem tengist því viðfangsefni sem við erum að fást við hverju sinni þannig fá þau frekari þjálfun í því sem verið er að vinna í skólanum. Einnig er gert ráð fyrir að foreldrar/forráðamenn hjálpi börnum sínum að læra á klukku (tölvu- og skífuklukku) og að æfa margföldunartöfluna (1-10).

Samfélagsfræði

Markmið í samfélagsgreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Samfélagsgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum
- geti rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi
- geti bent á dæmi um áhrif tækni á mannlíf og umhverfi
- geti áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra

- geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu
- geti bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum
- þekki til upphafs og þróunar mannsins
- þjálfist í umfjöllun um tímann og tímatal
- kynnist því að til hafa verið fjölmörg mismunandi menningarsvæði í heiminum, hvert með sína siði og venjur og ólíka stjórnunarhætti
- kynnist nokkrum sögufrægum persónum svo sem þjóðarleiðtogum, fornspekingum, landkönnuðum
- kynnist upphafi sögu lands og þjóðar á Íslandi
- þekki til sögu nokkurra landnámsmanna
- þekki til nokkurra sögulegra fornminja

Lífsleikni

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- geti gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans
- geti gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna
- geti sett sig í spor annarra jafnaldra
- geti sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna
- geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- geti hlustað á og greint ólíkar skoðanir og virt þær
- geti rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpsemi og vandamál tengd einelti og baktali
- þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra

Trúarbragðafraði

Meginmarkmið

Að nemendur

- kynnist helstu trúarbrögðum heimsins og þeim, lífsviðhorfum og menningu sem tengist þeim
- þekki helstu hátíðir, siði og tákn kristinnar trúar, íslam, gyðingdóms, búddadóms og hindúasiðar
- geti áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum

Efnispættir

Kristin trú, íslam, búddatrú, hindúatrú og gyðingdómur.

Tilfinninga- og félagsþroski, einelti, samskipti, innlifun, samkennd, samhjálp.

Tíminn og tímabil, upphaf mannsins, saga ákveðinna landa, borga og heimsálfa á ákveðnum tíma, þróun þjóðfélaga, landnám Íslands.

Leiðir að markmiðum

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum valin verkefni sem eru t.d. í formi: samræðna, ritunarverkefna, myndrænnar sköpunar, spurninga úr efni kennslubókar, hópvinnu og samþætt verkefni. Leitast er við að vettvangsferðir og útikennsla sé tengd efnispáttum samfélagsfræðinnar.

Aðferðir Byrjendalæsis og orðs af orði s.s. gagnvirkur lestur, lykilorð og orðhlutavinna og hugtakakortagerð eru notaðar til að kryfja texta og dýpka skilning nemenda á viðfangsefninu. Spil og leikir notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum.

Lögð er áhersla á að skapa gott andrúmsloft, að nemendur sýni hver öðrum virðingu og að þeir læri að vinna með samnemendum. Nemendur þurfa að sýna þeim sem talar virðingu með góðri áheyrn og taka þátt í umræðum. Nemendum er kennt á markvissan hátt að leysa úr vanda með því að staldra við, hugsa og

reyna þannig að sjá fyrir afleiðingar gjörða sinna. Bekkjarfundir/árgangafundir haldnir reglulega samkvæmt Olweusar áætlun.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu landnámið, Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Komdu og skoðaðu himingeiminn, Trúarbrögðin okkar, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, ýmis sérútbúin verkefni, kennsluvefir, fróðleikur af netinu, valdar fræðibækur og myndbönd.

Heimanám

Ekkert.

Náttúrugreinar

Markmið í náttúrugreina er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Náttúrugreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- sýni áhuga og frumkvæði við öflun upplýsinga
- átti sig á umhverfi sínu bæði úti og inni, rati um það og læri að fara eftir leiðbeiningum
- kynnist hugmyndum manna um uppbyggingu alheimsins
- þekki gerð og eiginleika sóla og reikistjarna
- þekki sólkerfi okkar og nokkur einkenni þess
- kynnist nokkrum tegundum ferskvatnsfiska

Efnisþættir

náttúruvernd, sólkerfi okkar og reikistjörnur þess, lífsferlar, fæðukeðja, ferskvatnsfiskar.

Leiðir að markmiðum

Hvert viðfangsefni er kynnt og rætt. Unnin eru valin verkefni hverju sinni sem eru t.d. í formi: ritunarverkefna, myndrænnar sköpunar, spurninga úr efni kennslubókar, hópvinnu og samþætt verkefni. Aðferðir Byrjendalæsis og orðs af orði s.s. gagnvirkur lestur, lykilorð og orðhlutavinna og hugtakakortagerð eru notaðar til að kryfja texta og dýpka skilning nemenda á viðfangsefninu. Spil og leikir notaðir til að efla skilning á nýjum hugtökum og staðreyndum.

Vefefni og upplýsingaleit notuð í kennslunni. Vettvangsferðir og útikennsla eru tengd efnisþáttum náttúrufræðinnar.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu hringrásir, kennsluvefir, fróðleikur af netinu, valdar fræðslubækur og myndbönd.

Heimanám

Ekkert

Enska

Markmið í ensku er að finna í í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Erlend tungumál](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins
- efli orðaforða sinn í tengslum við viðfangsefni
- skilji einföld fyrirmæli og spurningar um viðfangsefni sem eru kunnugleg
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig

- geti tekið þátt í einföldu samtali
- geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með og beitt eðlilegum framburði og áherslum
- geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með í náminu
- skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og er þeim kunnugleg
- geti lesið og skilið stuttan texta með grunnorðaförða daglegs lífs
- geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega

Efnispættir

Stafrófið, tölur, litir, klæðnaður, fjölskyldan, líkamshlutar, dýr, matur, drykkir, veður, dagar, mánuðir og árstíðir.

Leiðir að markmiðum

Tónlist, hreyfing, ímyndun, leikir og námsvefir eru notaðir til að byggja upp orðaförða nemenda. Lögð er áhersla á hlustun, endurtekningu, myndefni og látbragð í kennslu. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig á ensku í tímum og æfa sig í samskiptum við aðra. Nemendur nota námsforrit sem æfa enn frekar þann orðaförða sem þau eru að vinna með. Nemendur vinna skrifleg verkefni einstaklingslega eða í hópum allt eftir því hvað á við hverju sinni.

Námsgögn

Work Out, Speak Out, ýmsir textar og ljóð, sérútbúin verkefni, söngvar og ítarefni af vef.

Upplýsinga- og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Upplýsinga- og tæknimennt](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri og þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- læri að leita sér upplýsinga á netinu og í bókum
- geti skrifað texta í ritvinnslu og skreytt með myndum
- kunni að vista skjöl og ná í skjöl
- geti vistað skjöl í skýinu og deila því með öðrum
- hafi vald á að prenta skjöl úr word

Efnisþættir

Uppsetning texta (ýmsir möguleikar kynntir), myndskreyting við texta, lyklaborð - flýtylklar, fingrasetning, líkamsbeiting og leit upplýsinga á netinu.

Leiðir að markmiðum

Í kennslustundum fá nemendur ýmist tækifæri til að vinna við ritvinnslu eða í kennsluforritum. Unnið er markvisst að þjálfun í notkun tölvunnar til alls náms og þekkingarleitar. Samþætting við aðrar námsgreinar er höfð að leiðarljósi og eru verkefni sérstaklega valin með það í huga.

Námsgögn

Forritið Word , Internetið, leitarforrit, kennsluvefir og ýmis kennsluforrit.

Heimanám

Nemendur eru hvattir til að nota það sem þau hafa lært í skólanum t.d. fingrasetningu, flýtleiðir og líkamsbeitingu þegar unnið er við tölvu annars staðar en í skólanum.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á tillitsemi, umburðarlyndi og kurteisi gagnvart samnemendum og öllu starfsfólki skólans
- fái tækifæri til að skapa
- kynnist fjölbreyttum efnum, áhöldum og aðferðum

Efnispættir

Litafræði, formfræði, myndbygging og listasaga. Teiknun, málun, klipp, þrykk og mótun úr fjölbreyttu efni og með ólíkum áhöldum.

Leiðir:

Í innlögn er unnið út frá kveikju, grunni að eigin sköpun nemenda í verkefnum sem tengjast upplifunum af sögum, umhverfi, náttúru og listaverkum.

Textilmennt

Markmið í textilmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag í samræmi við aldur og þroska

- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á tillitsemi, umburðarlyndi og kurteisi gagnvart samnemendum og öllu starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um stofu og að nýta og fara vel með efni og áhöld

Efnispættir

Nemendur fitja upp, þrjóna garðaprjón og fella af.

Nemendur þjálfast í notkun saumavéla.

Nemendur læra krossasaum og sauma út stafinn sinn.

Leiðir að markmiðum

Leitast er við að efla námsgleði og skapandi hugsun með verkefnum sem höfða til nemenda og hæfa aldri þeirra og þroska.

Nemendur læra samvinnu t.d. með því að hjálpast að og styðja hvert annað í kennslustundum og góða umgengni með því að ganga sameiginlega frá í stofu í lok hverrar kennslustundar.

Nemendur læra að ganga út úr stofu í röð og læra að hegðun, framkoma og umgengni skipta máli.

Einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, verkefni aðlöguð að þroska og getu hvers og eins.

Hópkennsla þegar um samþættingu námsgreina er að ræða og þemadagar standa yfir.

Námsgögn

Kennslugögn og áhöld greinarinnar, bækur, blöð og vinnulýsingar.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um stofu, efni og áhöld
- læri góða umgengni um skólann, umhverfið og náttúruna
- læri helstu hugtök og heiti greinarinnar sem eru til áherslu hverju sinni
- læri að mæla fyrir útsögun með vinkli
- læri að skipta um blað í útsögunarsög
- læri um gildi endurvinnslu
- læri að vinna með frauðplastslera
- læri að vinna með leðurverkfæri

Efnisþættir

Áhersla lögð á mælingar, formun efnis og leðurvinnu. Nemendur gera myndaramma, hornakíki úr endurunnu efni og leðurlyklakippu.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins tilgreindur. Nemendum er kennd rétt beiting verkfæra og umgengni við vélar. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur meta eigin frammistöðu og annarra í ákveðnum verkþáttum. Í öllum árgöngum er unnið með endurvinnslu efnis. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð ásamt samvinnu og kurteisi í samskiptum. Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, um efni og áhöld og að nemendur gangi sameiginlega frá í stofu í lok hvers tíma.

Námsgögn

Ferilmappa nemenda, verkfæri smíðastofunnar, skriflegar leiðbeiningar og ýmiskonar efni.

Heimanám

Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar.

Tónmennt

Hæfniviðmið fyrir tónmennt í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast í þrjá meginflokka sem eru: Söngur og hljóðfæraleikur, hlustun og greining, og sköpun og skráning. Hæfniviðmiðin má finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – Listgreinar](#)

Meginmarkmið 4. bekkjar skólaárið 2025-2026 eru:

Að nemendur

- syngi valin sönglög með réttri tónhæð, takti og tjáningu
- syngi einfaldar raddaðar laglínur svo sem í keðjusöng
- virði umgengisreglur við hljóðfæri kennslustofunnar
- spili laglínur, rytma og hljóma í samspili ýmist á hljóðfæri eða með kroppaklappi
- þekki helstu hljóðfæraflokka og valin hljóðfæri innan þeirra
- greini einföld stílbrigði í tónlist
- geti notað hljóðfæri úr nærumhverfi í einfalda sköpun
- geti rætt um eigin tónlist og samnemenda út frá smekk og upplifun með kurteisum og uppbyggjandi hætti

Efnispættir

Söngur, markviss hlustun, rytmi (kroppaklapp og takthljóðfæri), þrástef og laglínur á laglínuhljóðfæri, hreyfing og leikir.

Leiðir að markmiðum

Söngur, samspil, tónlistarleikir, kynning á hljóðfærum, hljóðmyndaverkefni

Námsgögn

Tónlist og tíminn, Pláneturnar, Hljóðleikhúsið, valin verkefni frá kennara.

Heimanám

Einstaka sinnum getur verið að nemendur séu beðnir um að æfa söngtexta heima.

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – Verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
- geti farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld

Efnisþættir

Mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis. Fæðuhringurinn og næringarefnnin. Hreinlæti og góður frágangur. Orkusparnaður, slysaætta, borðsiðir, kurteisi og tillitssemi.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og áhöld sem notuð verða við gerð verkefnis. Innlögn er ýmist í formi sýnikennslu eða verkefni útskýrð myndrænt. Nemendur vinna ýmist saman eða einstaklingslega.

Námsgögn

Heimilisfræði 4 ásamt verkefnum af veraldarvef. Hráefni til matargerðar samkvæmt verkefnavali. Unnið með orð og hugtök sem tilheyra námsefninu.

Skólaípróttir

Markmið í skólaípróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaípróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhreyfingar
- öðlist betra þrek og þol
- öðlist færni í samvinnu og leik

Efnisþættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, knattleikir, áhöld, frjálsar ípróttir, útihlaup og útivera, stöðvaprjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaípróttanna er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst ípróttanna– og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaípróttanna er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og

hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska,

félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunaproksa.

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfiþörf, gleðjast yfir hverjum leik og eru með rannsóknarhug. Við skipulagningu kennslunnar þarf að koma til móts við þessa þætti. Leikir og markvissar æfingar, sem stuðla að eflingu skynfæra líkamans og styrkja gróf- og fínhreyfingar, eru þættir sem skipa eiga stóran sess í íþróttakennslu fyrstu skólaárin. Þá skal einnig tengja áður nefnda þætti við markvissa uppbyggingu á almennri líkamshreysti og þreki. Á fyrstu skólaárunum læra börnin smám saman að öðlast stjórn á líkama sínum og mótast sem heilsteyptir einstaklingar.

Hópinnlögn og einstaklingsaðstoð. Fjölbreytt kennsla með mikilli áherslu á leiki, jákvæðan aga og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kennsluefni

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór, skólalóð og

Íþróttasalur Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- fái þjálfun í ýmsum æfingum með og án áhalda
- þjálfist í samvinnu í sundleikjum
- læri fjölbreyttar æfingar sem reyna á samhæfingu hreyfinga
- geti synt 25 m bringusund
- geti synt 12 m skólabaksund

- geti synt 12 m skriðsund
- geti synt 12 m baksund
- geti kafað eftir hlut

Leiðir að markmiðum

Lögð áhersla á fjölbreyttar undirbúningsæfingar sem leggja grunninn að hinum hefðbundnu sundaðferðum. Í þessum æfingum er leitast við að ná tökum á að fljóta á bringu og baki, læra öndun og slaka á í vatninu, kafa eftir hlutum á botni laugar, farið er í leiki sem efla þessa þætti. Að nemendur læri og æfi sundtökin jafnhliða því sem upp er talið.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemandi

- noti öll skilningarvit sín, þ.e. að hlusta, horfa, snerta og lykta
- njóti útiveru og hreyfingar
- kynnist nánasta umhverfi sínu og efli vitund og virðingu fyrir því
- læri að vinna með öðrum í leik og starfi
- efli félagsfærni sína

Efnisþættir

Stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, íslenska, trúarbragðafræði, samskipti, leikir, hópefli, útivist, umhverfisvitund, hreyfifærni o.fl.

Leiðir að markmiðum

Farið er út með allan árganginn í einu og unnið með ýmis verkefni sem tengjast námsefninu hverju sinni í samræmi við námsmarkmið Aðalnámskrár grunnskóla. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í smáum hópum. Unnið er nánar/ítarlegar með ýmis verkefni síðar í skólanum.

Heimanám

Fylgjast með veðurfréttum og klæða sig eftir veðri.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Breiðagerðisskóla er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Hún getur falist í ráðgjöf til kennara varðandi nám og kennslu og/eða annað sem snýr að nemendum. Yfirleitt snúa verkefnin þó að nemendum og varða kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og/eða mat á stöðu þeirra.

Skólinn reynir að mæta öllum nemendum og veita þeim nám við hæfi. Stoðþjónustan er ein af leiðum skólans til koma til móts við þarfir nemenda sem af einhverjum ástæðum þurfa sérstakan stuðning í námi, í langan eða skemmri tíma. Stoðþjónustan getur falist í að gera breytingar á námsmarkmiðum, námsumhverfi, kennsluaðferðum og námsmati miðað við það sem almennt gerist og stundum er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskrár.

Einstaklingsnámskrá er einstaklingsmiðuð kennsluáætlun þar sem fram kemur staða nemenda í námi, ákveðin markmið sem nemandi er ætlað að ná á skólaárinu og aðferðir sem notaðar eru til að meta hvort nemandinn hafi náð settum markmiðum. Nemendur geta verið með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri námsgreinum.

Stoðþjónustan nær yfir sérkennslu og stuðning, námsráðgjöf og aðra sérfræðiaðstoð. Innan hennar starfa eftirtaldir aðilar:

- **Sérkennarar** eða kennarar sem sjá um sérkennslu ýmist í hópum eða einstaklingsbundið, inn í bekk eða í sérkennslustofu. Þeir aðstoða kennara við aðlögun námsefnis og námsmats þegar þörf er á og í samvinnu við kennara og þroskaþjálfara vinna þeir einstaklingsnámskrár og áætlanir fyrir nemendur.
- **Þroskaþjálfar** vinna yfirleitt með ákveðnum nemendum en styðja einnig við ákveðna nemendahópa til dæmis hvað varðar félagsfærni. Þeir vinna náið með kennurum og sérkennurum við gerð einstaklingsnámskrár og áætlana fyrir nemendur.

- **Stuðningsfulltrúar** vinna undir leiðsögn deildarstjóra, kennara og þroskaþjálfra við að styðja nemendur námslega og félagslega. Þeir vinna mest inn í bekk og bæði með einstaklingum og hópum.
- **Nemendaráðgjafi** stendur vörð um velferð allra nemenda, styður þá og liðsinnir í málum sem snerta nám, skólavist og líðan nemenda. Hann heldur einnig utan um eineltisáætlun skólans.

Að auki á Breiðagerðisskóli, eftir því sem þurfa þykir, samstarf við ýmsa sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málefnum nemenda. Stoðþjónustan á til að mynda náíð samstarf við Norðurmiðstöð þar sem starfa til dæmis talmeinafræðingar, sálfræðingar og fleiri aðilar.

Að síðustu má nefna það innan Breiðagerðisskóla starfar nemendaverndarráð sem fundar að öllu jafna aðra hvora viku. Þar sitja skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslunnar.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Ragna L. Jakobsdóttir

Nemendaráðgjafi er Guðlaug Sigurðardóttir